

Brunavarnir:

Eftirfarandi brunavarnatexti og brunavarnalausnir eru gerðar af VSI, Öryggishönnun og ráðgjöf. Ekki hefur verið gerð önnur brunavarnaskýrsla fyrir húsið.

Brunasamstæður/brunahólf

Húsið er allt ein brunasamstæða en skiptist í þrjú brunahólf.

Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI60 veggir með EI₂ 30-CS_m / E30-CS_m hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.

Reiðsalur ásamt anddyri er sér brunahólf.

Hesthús verður sér brunahólf.

Veitinga- og fundarsalur ásamt geymslu verður sér brunahólf.

Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R60.

Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30.

Hæðaskil verða a.m.k. REI60.

Klæðningar

Húsið verður klætt með Yleiningum sem uppfylla ekki að vera klæðningar í flokki 1. Þetta telst ásættanlegt þar sem brunaálag er lítið, flóttaleiðir góðar, öflug reyklosun í þaki og fullgilt brunaviðvörunarkerfi í öllu húsinu.

Klætt verður með klæðningu í flokki 1 bakvið áhorfendabekki og a.m.k. tvo metra upp fyrir þá. Varðandi frágang brunahólfandi veggja við þak og útveggi skal bent á sérteikningar frá Límtré, samþykktar af Brunamálastofnun.

Allir léttir innveggir verða klæddir með klæðningu í flokki 1.

Gólfefni skulu vera í flokki G.

Flóttaleiðir

Flóttaleiðir frá áhorfendabekkjum eru tvær, þ.e. ein í hvora átt. Gert er ráð fyrir allt að 200 manns á áhorfendabekkjum. Flóttaleiðir eru samtals u.þ.b. 3,7 metra breiðar og því í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Frá reiðsal eru tvær óháðar flóttaleiður um hefðbundnar 0,9 metra breiðar hurðar í sitt hvorum enda. Hámarksfjöldi í sal er 180 manns.

Frá veitingasal á 2. hæð eru tvær óháðar flóttaleiðir. Þar er gert ráð fyrir allt að 50 manns. Önnur er um svalir niður aðalstiga niður í anddyri og þaðan út. Hin er um hringstiga sem er með radíus a.m.k. 1250 mm skv. NFPA 101.

Flóttahurðar frá sal og frá áhorfendasvæði skulu útbúnar með neyðarslá.

Flóttahurðar frá veitingasal skulu útbúnar a.m.k. með hún að snerli.

Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað/rásatengt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum

Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins.

Reyklosun

Reyklosun í þaki reiðsalar verður um ofanljós úr auðbrennanlegu plasti, alls um 70 m² eða u.þ.b. 8 % af gólfleti .

Önnur rými eru reykræst um glugga og hurðir.

Slöngukefli og slökkvitæki

Tvö slöngukefli verða sett upp í sitt hvorum enda hússins þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.

Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í eldhúsi og reiðsal þannig að ekki sé lengra en 25 metrar á milli þeirra. Slökkvitækin skulu sett upp í samvinnu við slökkvilið á staðnum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum svo sem í reiðsal en einnig í salerni fyrir fatlaða.

Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörðunarkerfi, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing).

Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Reiðhöllina á Flúðum.